

117 og er öllum óheimilt að hafa í heimahögum að sumrinu fénað þann, sem á afrétt á að
27. júní ganga, nema í gæzlu sé. Hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps getur þó veitt undanþágu á þessu síðasta atriði fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Allir eru skyldir til að loka vandlega hliðum girðingarinnar þegar þeir fara um þau. Sannist að einhver hafi gengið illa um hliðin eða hleypt fénaði gegnum girðinguna í óleyfi, varðar það sektum frá 2—20 krónum, nema þyngri hegning liggji við að lögum. Sektarféð rennur í sýslusjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingarlögum nr. 66 22. nóvember 1913 til að öðlast gildi 15. júlí 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

118

29. júní

SAMÞYKKT

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu um eyðing svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Suður-Þingeyjarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum. Skyli er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn eftir því, sem henni þykir þörf. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aura og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaður sýna oddvita nef og lappir fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepit fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna nefjunum og löppunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum, sem eru 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða eftir því sem við á, sjá lög nr. 66 1936, sektum frá 10 til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem opinber lögglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 118 29. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu um eyðing svartbaks.

119

29. júní

1. gr.

Innan takmarka Norður-Þingeyjarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum. Skytt er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn eftir því, sem henni þykir þörf. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aura og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaður sýna oddvita nef og lappir fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepit fuglina. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna nefjunum og löppunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvírtaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum, sem eru 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá rikissjóði hluta hans af skotmannslaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða eftir því sem við á, sjá lög nr. 66 1936, sektum frá 10 til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi sem sýslunefnd Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.